

H Ú N A V A T N S S Ý S L U R

VATNAMÆLINGAR  
Skilagrei - 39  
-frumnt -

- Vetrarmælingar -

Hélt frá Reykjavík 11. marz 1952 að Fornahvammi með póst-bifreið Landleiða.

12. marz. Fornihvammur - Reykjavík<sup>okt/1</sup>. Holtavörðuheidi var nær ófær bifreiðum.

13. marz laust eftir hádegi var komið í Viðidal og ég gat hafið vatnsrennslismælingar

Fitjá (Kerafossar),  $Q = 2,0 \text{ m}^3/\text{s}$ , þ.e. 7,1 l/sek pr.  $\text{km}^2$  <sup>339</sup>

Viðidalsá (Kolugil),  $Q = 2,9 \text{ m}^3/\text{s}$ , þ.e. 7,6 l/sek pr.  $\text{km}^2$  <sup>340</sup>

14. marz.

Bergá,  $Q = 0,7 \text{ m}^3/\text{s}$ , þ.e. 15 l/sek pr.  $\text{km}^2$ . <sup>341</sup>

Frá Bergá hélt ég yfir Gafl að Grímstungu í Vatnsdal. <sup>342</sup>

Vatnsdalsá (Forsæludalur),  $Q = 5,3 \text{ m}^3/\text{s}$ , þ.e. 11,8 l/sek pr.  $\text{km}^2$ .

Álestur undanfarna daga var 75 til 76, skófir voru á ánni, en ekki var hægt að merkja, að þær hindruðu rennslið.

Hér er ekki um lágsta rennsli að ræða. Vatnsdalsá fer niður í 4  $\text{m}^3/\text{sek}$ , og því er ástæða til að ætla, að hinar árnar minnki að sama skapi, þ.e.s.s. að lágsta rennsli þeirra sé sem hér segir:

Fitjá, Kerafossar  $1,5 \text{ m}^3/\text{sek} = 5,3 \text{ l/sek pr. km}^2$

Viðidalsá, Kolugil 2,2 " = 5,8 " " "

Bergá, Lækjakot 0,5 " = 11 " " "

Þessa daga, sem mælingin var gerð, var sólbráð á láglandi, en engin leysing til fjalla, þar voru næturfrost.

Kom til Akureyrar s.l. laugardag með flugvél frá Blönduósi, og fer með  $\frac{1}{2}$ s Heklu til Kópaskers í dag.

p.t. Akureyri, 17. marz 1952

S. Rist  
(sign)